

Hæstarjettardómar

Útgefandi: Hæstarjettarritari.

III. árgangur.

1925.

Föstudaginn 9. jan. 1925.

Nr. 35/1924.

Eigendur Stafnestorfunnar

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

eigendum Kirkjuvogstorfunnar

(Sveinn Björnsson).

Landamerksamál.

Dómur merkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 22. júní 1923: Landamerki á milli Stafnesjarða í Miðnes-hreppi annarsvegar og Kirkjuvogsjarða í Hafnahreppi hinsvegar skulu vera þau, er hjer greinir:

Úr Gömlu Þúfu á Háaleiti í Beinhól, sem liggur fyrir botni Djúpavogs, úr Beinhól í miðjan Djúpavogsbotn við stórstraums-flóðmál, hvar varanlegt merki skal sett, auðkent L.M., þaðan bein lína um ósinn í vörðu þá, er stendur á suðurenda Vörðuhólma, er skal auðkent L.M., — með varanlegu milli-merki, er sett skal á Illaklif, einnig auðkent L.M. — Frá Vörðuhólma sunnan um Sel-skær og Hestaklett á sjó út.

Málskostnaður, samtals kr. 253,00, greiðist að helmingi af eigendum Stafnestorfunnar, en að helmingi af eigendum Kirkjuvogstorfunnar.

Dóminum, að því er ídæmdan málskostnað og setning landamerkja snertir, ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið áfrýjað til hæstarjettar með stefnu dags. 17. júlí f. á. samkvæmt áfrýjunarleyfi 21. júní síðastliðinn.

Eftir að merkjadómur gekk í málinu hafa ný sakargögn verið útveguð og lögð fram í hæstarjetti, þar á meðal uppdrættir, er sjá má þrætusvæðið af. En gögn þessi staðfesta fremur en afsanna, að nyrsti vogurinn í Ósabotnum sje af merkjadóminum rjett nefndur Djúpivogur, og er það ekki sannað, að landamerki þau, er merkjadómurinn hefir ákveðið, sjeu öðruvísi en málsaðilar hafa komið sjer saman um með sætt fyrir merkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 10. apríl 1922, nje heldur að aðrar ástæður sjeu fyrir hendi, er varðað geti ómerkingu merkjadómsins og ber því að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma eigendur Stafnestorfunnar til þess að greiða eigendum Kirkjuvogstorfunnar málskostnað í hæstarjetti, er ákvedst 250 kr.

Því dæmist rjett vera:

Merkjadóminum skal óraskað.

Eigendur Stafnestorfunnar greiði eigendum Kirkjuvogstorfunnar 250 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með rjettarsætt 10. apríl f. á., á merkjadómsþingi Gullbringu og Kjósarsýslu voru landamerkin á milli umræddra jarða ákvedin þannig:

»Úr „Gömlu Þúfu“ á Háaleiti í Beinhól, sem liggur fyrir botni Djúpavogs, úr Beinhól í Djúpavog, þaðan beina línu í ós austan undir „Vörðuhólma“, þaðan sunnan undir „Selskeri“ og „Hestakletti“, og þaðan á sjó út :

Með brjefi dagsettu 16. septbr. f. á., hefir Eyjólfur Eiríksson, þáverandi eigandi að $\frac{3}{4}$ hlutum Stafnesjarðatorfunnar, skýrt frá því, að eigendur fyrgreindra jarða hafi eigi, eftir að sættin

var gjörð, orðið sammála um, hvar áður nefnd örnefni sju á sjó og landi.

Eftir álit á rjettarskjali nr. 7, frá M. J. Bergmann breppstjóra (Miðneshrepps), sem allir núverandi eigendur Stafnestorfunnar í málinu skírskota til, svo og framlögðum vottorðum 3ja manna, virðist landamerkjalinan, samkvæmt skilningi þeirra á örnefnum, eiga að liggja úr Gömlu Þúfu í hól, er þeir telja vera upp af dýpsta vognum, næst sunnan við nú nefndan Djúpavog, er þeir nefna „Draugavog“, úr fyrnefndum hól, í vog þennan, eftir miðjum vognum, úr miðju mynni vogsins, út eftir Ósabotnum og í „Hlaupós“, er þeir telja liggja sunnan undir nú nefndum „Runkhólma“, en sem þeir álíta að verið hafi og sje „Vörðuhólmi“ sá, er rjettarsættin um getur, þaðan sunnan undir „Selakeri“, „Hestakletti“ og á sjó út.

Eigendur Kirkjuvogstorfunnar halda því hinsvegar fram, að öll þau örnefni, sem tilgreind eru í sættinni, sju þau, sem nú eru þannig nefnd, og nefnd hafi verið frá ómuna tíð, en eigi þau, er eigendur Stafnestorfunnar geta til, samkvæmt framansögðu, að verið hafi, og ennfreður halda þeir því fram, að svonefndur „Vörðuhólmi“ sje hólmi sá, er liggur norðan við svonefndan „Runkhólma“, en nú af eigendum Stafnestorfunnar er nefndur einu nafni „Einbúi“, og varðan á honum af þeim talin vera sundmerki á Kirkjuvogssundi.

Að lokinni merkjagöngu í gær, af merkjadómsmönnum og málsaðilum, er það álit merkjadómsins, að sá rjetti Djúpivogur sje nyrsti vogurinn, er gengur norðaustur úr Ósabotnum, vogur, sem skerst þar langlengst inn í landið, og viðurkent af báðum málsaðilum, að sje og hafi verið kallaður og nefndur því nafni. — Einnig virðist enginn vafi vera á því, að „Vörðuhólmi“ sje hólmi sá, er nú liggur norðanundir nú nefndum „Runkhólma“, — sem engin varða eða vörðubrot sjest á, — en hinsvegar er vörðubrot syðst á umgetnum „Vörðuhólma“, sem engar líkur eru til eða sönnun fyrir, að nokkurn tíma hafi verið sundmerki á Kirkjuvogssundi.

Upp frá fyrnefndum Djúpavogi er hóll sá, er alment er nefndur Beinhóll, og sem sjest greinilega frá miðjum botni hans, og um Gömlu Þúfu á Háaleiti er enginn vafi, hvar liggi. Kemur þá aðeins til álita, sem og ágreiningur hefir verið um, samanber rjettarhald 6. desbr. f. á., hvar úr Djúpavogi landamerkjalinan skuli liggja í „Vörðuhólma“, hvort heldur úr miðjum botni Djúpa-

vogs eða miðju mynni hans, en þar sem í sættinni er gert ráð fyrir, að landamerkjalinan liggi alla leið að „Vörðuhólma“, þá er óþarft að tilgreina örnefni þetta, ef línan hefði átt að liggja úr mynni Djúpavogs, heldur þá, að hún lægi þaðan á sjó út, og væri þá aðeins um sjómerki að ræða, í miðju mynni vogsins.

Er það því álit merkjadómsins, að línan liggi úr miðjum botni Djúpavogs, beina línu í svonefnt „Illaklif“, um ósinn í „Vörðuhólma“, og ber að setja stóra vörðu eða annað varanlegt merki á „Illaklifi“ á landamerkjalinuna þar, með því að þaðan sjest til hinna fyrgreindu örnefna á báðar hliðar.

Málskostnaður, er, samkvæmt framlögðum reikningi, nemur samtals kr. 253,00, virðist eftir atvikum eiga að greiðast að helm-ingi af hvorum málsaðila um sig.

Mánudaginn 12. jan. 1925.

Nr. 43/1924. **Beneficiarius Arnarbælis síra Ólaf-
ur Magnússon** (Sveinn Björnsson)
gegn

Sigurbergi Jóhannssyni (Enginn).

Ómerkingardómur.

Dómur aukarjettar Árnessýslu 7. febr. 1924:
Stefndur Sigurbergur Jóhannsson í Grænhól sje sýkn af kröfum stefnanda, síra Ólafs Magnússonar staðarhaldara Arnarbælis, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi hefir í máli þessu, að fengnu áfrýjunar-
leyfi dags. 3. sept. 1924 og gjafsóknarleyfi í hæsta-
rjetti, skotið til hæstarjettar, með stefnu útgefinni
6. sept. síðastl., dómi aukarjettar Árnessýslu upp-
kveðnum 7. febr. 1924. Stefndi hefir eigi mætt í
málinu í hæstarjetti og hefir málið því verið flutt
skriflega samkv. 2. mgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna.